

Hörgársveit

Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025

Stutt greining:

Í þessari greinargerð er því átt við A-hluta, það er þann hluta sem varðar eingöngu Hörgársveit.

Heildarvelta er áætluð 1.365 millj. kr. á árinu 2025. Á árinu 2024 er veltan áætluð 1.269 millj. kr. en hún var 1.153 millj. kr. á árinu 2023.

Rekstrarniðurstaða er áætluð 38.406 þús.kr. sem er minna en áætlað er á þessu ári. Þriggja ára jöfnuður, sbr. ákvæði sveitarstjórnarlaga, yrði sem hér segir:

		<i>þús. kr.</i>
2022	Ársreikningur	31.811
2023	Áætlun	53.324
2024	Áætlun	38.406
		123.541

Staðan í stuttu máli

Veltufé frá rekstri er nú áætlað um 128 millj. kr en það var 106 millj. á árinu 2023. Veltuféð er áætlað um 9,4% af tekjum og er áætlað nær það sama og nemur samanlögðum afborgunum skulda og afskriftum.

Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2023 um 68,86% af tekjum eða um 978 þús. kr. á íbúa. Lántaka á árunum 2023, 2024 og 2025 og mikil verðbólga gerir það að verkum að hlutfall þetta mun hækka umtalsvert og vera í árslok 2025 um 76,6% af tekjum eða um 1.445 þús. kr. á íbúa.

Áætlað er að taka ný lán uppá 125 millj. kr. á árinu 2025 og að afborganir verði um 75,5 millj. Þannig að skuldir aukast en þó minna en á árinu 2024. Lántakan er til að fjármagna framkvæmdir uppá 150 milljónir. Þær framkvæmdir eru að lang stærstum hluta vegna endurbyggingar í grunnskólanum sem og framkvæmdir sem hafnar voru á árinu 2023 og er framhaldið.

Handbært fé sveitarfélagsins var 21,4 millj.kr í árslok 2023. Í árslok 2024 er áætlað að það verði um 36 millj. kr. en hækki og verði um 68 millj. í árslok 2025.

Tekjur

Helsti tekjustofn sveitarfélagsins er staðgreiðsla útsvars. Áætlunin 2025 tekur mið af þróun tekna og íbúapróun og staðgreiðsluáætlun sem gefin er út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fasteignamat í Hörgársveit mun hækka um 12,6% 2025 og er hækkunin á matinu notuð sem grunnur að matstengdum fasteignagjöldum auk áætlunar um fjölgun fasteigna. Fasteignaskattsprósenta er óbreytt á milli ára.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2025 eru áætluð í takti við áætlanir Jöfnunarsjóðsins.

Breytingar á gjaldskrár eru í takti við áætlun á hækkun almenns verðlags en þær gjaldskrárhækkunir sem hafa verið samþykktar eru að jafnaði um 3,9%.

Um gjöld

Í áætluninni er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði um 10,1% hærri en áætlað er 2024. Þar eru bæði um að ræða fjölgun starfa og launahækkunar. Laun og launatengd gjöld voru 52,8% af tekjum árið 2023. Áætlað er að þau geti orðið um 54,4% af rekstrartekjum á árinu 2025 sem er hærra og áætlað er fyrir árið 2024.

Í annan rekstrarkostnað fór um 37,1% á árinu 2023 en gert er ráð fyrir að það hlutfall verði um 34,1% 2025. Heildar hlutfall launa og annarra rekstrargjalda er því yfir 88,5% sem er hærra en undanfarin ár.

Eins og áður er gert er ráð fyrir nokkrum hefðbundnum útgjöldum í almennt viðhald á fasteignum, götum og eignum veitna auk endurnýjunar tækja og búnaðar. Að öðru leyti er gert ráð fyrir svipuðu rekstrarumfangi á árinu 2025 og því sem það var á árinu 2024 fyrir utan aukningu í stöðugildum í Álfasteini og Þelamerkurskóla uppá 1,8 stöðugildi á hvorum stað.

Framkvæmdir

Gert er ráð fyrir töluverðu fjármagni til framkvæmda árið 2025. Áætlað er að verja 105 milljónum til endurbóta í Þelamerkurskóla. 87 milljónir fari í samtali í gatnagerð þar komi 80 millj. í gatnagerðargjöld á móti. Þá er áætlað að 48 milljónir fari í opin svæði og í göngu- og hjólastíga og á móti komi endurgreiðsla vegna stígagerðar uppá 30 millj. Í endurbætur á íbúðarhúsi Þelamerkurskóla fari 15 milljónir og 5 milljónir í veitur á Hjalteyri. Samtals eru þetta 260 milljónir í framkvæmdir og 110 milljónir í tekjur og framlög á móti og því eru þetta nettó 150 milljónir sem áætlað er að fari í framkvæmdir á árinu 2025.

Fjárfestingarhreyfingar

Gert er ráð fyrir að fjárfestingarhreyfingar verði í stórum dráttum með eftirfarandi hætti:

Veltufé frá rekstri:	128 millj.
Ný lán:	125 millj.
Afborganir lána:	-75 mill.
Breyting á handbæru fé:	-28 millj.

Til fjárfestinga samtals: 150 millj.

11. desember 2024
Snorri Finnlaugsson
sveitarstjóri